

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG ANNARRA AÐILA
SEM ÞAÐ HEFUR SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

KENNARASAMBANDS ÍSLANDS

VEGNA

FÉLAGS LEIKSKÓLAKENNARA

GILDISTÍMI

1. APRÍL 2023 TIL 31. MAÍ 2024

EFNISYFIRLIT

1 UM KAUP

1.1. FÖST MÁNAÐARLAUN	3
1.7. PERSÓNUUPPBÓT / DESEMBERUPPBÓT	4

4 UM ORLOF

4.3. ORLOFSÁRIÐ	5
-----------------------	---

15 SAMNINGSFORSENDUR OG GILDISTÍMI 5

15.1. GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR	5
---	---

FYLGISKJÖL 6

FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR	6
FYLGISKJAL 9: SAMKOMULAG UM BREYTINGAR Á FYLGISKJALI 3	8
FYLGISKJAL 10: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN	9
FYLGISKJAL UM FRAMKVÆMD BETRI VINNUTÍMA Í LEIKSKÓLUM	10

INNGANGUR

Kjarasamningur aðila framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. maí 2024 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Kjarasamningur þessi nær til félagsmanna í Félagi leikskólakennara er starfa samkvæmt kjarasamningi þessum hjá sveitarfélögum sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sammingsumboð fyrir.

1 UM KAUP

1.1. FÖST MÁNAÐARLAUN

Grein 1.1.1. um föst mánaðarlaun breytist og hljóði svo:

1.1.1 Föst mánaðarlaun

Mánaðarlaun þeirra starfsmanna sem hafa menntun í leikskólakennarafræðum eða menntun sem kennarar skv. lögum nr. 95/2019 og gegna fullu starfi, skulu greidd skv. eftirtöldum launatöflum A í fylgiskjali 1:

Launatafla A-1, gildistími: 1. apríl 2023 til 31. maí 2024.

Þeir starfsmenn sem voru í starfi fyrir 1. ágúst 2018 og tilkynntu vinnuveitanda ákvörðun sína um að fá viðbótarmenntun áfram metna til launaflokka skv. grein 10.4.1.1. fá greidd laun skv. launatöflum A-1 frá 1. janúar 2020.

Í þeim tilvikum sem starfsmaður hefur tilkynnt vinnuveitanda skriflega um nýja ákvörðun um að fá menntun metna til persónuálags tekur breytingin gildi næstu mánaðamót þar á eftir.

Fyrir viðbótarmenntun er aldrei hægt að fá bæði persónuálag og launaflokka á sama tíma.

Mánaðarlaun háskólamenntaðra starfsmanna sem gegna fullu starfi, skulu greidd skv. eftirtöldum launatöflum C í fylgiskjali 1:

Launatafla C-1, gildistími: 1. apríl 2023 til 31. maí 2024.

Grein 1.1.6 um önnur laun breytist og hljóði svo:

1.1.6 Önnur laun er starfinu fylgja

Auk mánaðarlauna er heimilt að greiða önnur laun er starfinu fylgja með mánaðarlegri greiðslu vegna:

- starfstengdra þátta og/eða álags sem ekki verður mælt í tíma
- jöfnunar launa einstakra hópa á milli almenns og opinbers vinnumarkaðar.
- reglubundinnar yfirvinnu og geta komið í stað tímakaups í yfirvinnu skv. gr. 1.5.

Sé heimildarákvæðinu beitt, skal tryggt að málsmeðferð og ákvörðun um greiðslu annarra launa byggji á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.

Á samningstímanum hækka önnur laun um 5% þann 1. apríl 2023.

Grein 1.3.1 um röðun starfsheita breytist og hljóði svo:

Starfsheiti	Menntunar-kröfur	Lfl.
Aðstoðarleikskólakennari	IV	226
Aðstoðarleikskólakennari með sérkennslu/ verkefnastjórn/ sérgreinastjórn	IV	227
Aðstoðarleikskólakennari með deildarstjórn	IV	230
Aðstoðarleikskólakennari með sérkennslustjórn	IV	231
Háskólamenntaður starfsmaður með B.ed. próf í leikskólakennarafræðum	II	229
Háskólamenntaður sérkennari með B.ed í leikskólakennarafræðum	II	229
Háskólamenntaður verkefnastjóri með B.ed í leikskólakennarafræðum	II	229
Háskólamenntaður sérgreinastjóri með B.ed í leikskólakennarafræðum	II	229
Háskólamenntaður deildarstjóri með B.ed. próf í leikskólakennarafræðum	II	233
Háskólamenntaður sérkennslustjóri með B.ed í leikskólakennarafræðum	II	234
Háskólamenntaður deildarstjóri staðgengill leikskólastjóra með B.ed í leikskólakennarafræðum	II	234
Leikskólakennari	I	233
Leikskólasérkennari	I	234
Leikskólakennari, umsjón með þjálfun í grunnskóla	I	234
Verkefnastjóri	I	234
Sérgreinastjóri	I	234
Leikskólakennari með umsjón heilsdagsskóla (allt að 60 nemendur)	I	234
Leikskólakennari með umsjón heilsdagsskóla (fleiri en 60 nemendur)	I	235
Deildarstjóri	I	237
Sérkennslustjóri	I	238
Deildarstjóri staðgengill leikskólastjóra	I	238

1.7 PERSÓNUUPPBÓT / DESEMBERUPPBÓT**Grein 1.7.1 um persónuuppbót / desemberuppbót breytist og hljóði svo:**

1.7.1 Starfsmaður í 100% starfshlutfalli fær greidda persónuuppbót 1. júní og 1. desember ár hvert. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðustu 12 mánuði fyrir greiðsludag. Hafi starfsmaður gengt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi starfsmaður látið af störfum á árinu vegna aldurs skal hann fá greidda persónuuppbót hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Sama hlutfallsregla gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs sbr. 8. gr. laga nr. 95/2000. Sjá einnig gr. 12.1.3.

Persónuuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á persónuuppbót reiknast ekki orlofslaun.

Áunnin persónuuppbót skal gerð upp við starfslok starfsmanns.

Persónuuppbót miðað við 100% starfshlutfall á samningstímanum verður sem hér segir:

Annaruppbót 1. júní 2023	kr. 100.800,-
Annaruppbót 1. desember 2023	kr. 100.800,-

4 UM ORLOF

4.3 ORLOFSÁRIÐ

Skýringatexti í grein 4.3 um orlofsárið breytist og hljóði svo:

- 4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Töku áunnins orlofs skal alltaf lokið fyrir lok orlofsársins, sjá þó gr. 4.6.1 og 4.6.2.

Samkvæmt orlofslögum nr. 30/1987 er framsal orlofslauna og flutningur þeirra milli orlofsára óheimill.

Samkvæmt 5. gr. laga um orlof nr. 30/1987 ber vinnuveitandi ábyrgð á að skipuleggja orlofstöku starfsfólks síns að teknu tilliti til óska þess eins og unnt er vegna starfseminnar.

Í þeim tilfellum sem starfsfólki hefur ekki verið gert kleift að taka uppsafnað orlof samkvæmt skýringartexta við gr. 4.3.1, að því er varðar Reykjavíkurborg; er heimild til frestunar niðurfellingu orlofsdaga framlengd til 30. apríl 2024.

Að því er varðar sveitarfélög utan Reykjavíkurborgar; verði þeim aðstæðum mætt af hálfu vinnuveitenda með gerð skriflegs samkomulags við viðkomandi starfsfólk um hvernig töku uppsafnaðs orlofs verði lokið. Gerð samkomulags skal lokið eigi síðar en 15. júní 2023.

Náist slíkt samkomulag ekki, skal vinnuveitandi tilkynna starfsmanni eigi síðar en 1. júlí 2023 hvernig orlofstöku skuli háttáð þannig að tryggt verði að starfsmaður nái að ljúka töku uppsafnaðs orlofs.

15 SAMNINGSFORSENDUR OG GILDISTÍMI

15.1 GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR

Greinar 15.1.1 og 15.1.2 breytast og hljóða svo:

- 15.1.1 Samningur þessi kemur í stað áður gildandi kjarasamnings og gildir frá 1. apríl 2023 til 31. maí 2024, en samningurinn fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.
- 15.1.2 Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 2. júní 2023. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 15:00 þann 2. júní 2023 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 26. maí 2023.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga með fyrirvara um samþykki stjórnar.

F.h. Kennarasambands Íslands vegna Félags leikskólakennara með fyrirvara um samþykki félagsmanna.

FYLGISKJÖL

FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR

Mánaðarlaun leikskólakennara sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum:

Launatafla A-1, gildistími: 1. apríl 2023 til 31. maí 2024.

Félag leikskólakennara											
LAUNATAFLA A-1											
Leikskólakennarar											
Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. maí 2024											
Starfsheiti	Menntun ar-kröfur	Lfl.	Grunn-laun	Persónu-álag 2%	Persónu-álag 4%	Persónu-álag 6%	Persónu-álag 8%	Persónu-álag 10%	Persónu-álag 12%	Persónu-álag 14%	Persónu-álag 16%
Aðstoðarleikskólakennari	IV	226	526.727	537.262	547.796	558.331	568.865	579.400	589.934	600.469	611.003
Aðstoðarleikskólakennari með sérkennslu/verkefnastjórn/sérgrainastjórn	IV	227	537.444	548.193	558.942	569.691	580.440	591.188	601.937	612.686	623.435
		228	548.478	559.448	570.417	581.387	592.356	603.326	614.295	625.265	636.234
Háskólamenntaður starfsmaður með B.ed. próf í leikskólakennarafræðum / Háskólamenntaður sérkennari / verkefnastjóri / sérgrainastjóri með B.ed í leikskólakennarafræðum	II	229	559.850	571.047	582.244	593.441	604.638	615.835	627.032	638.229	649.426
Aðstoðarleikskólakennari með deildarstjórn	IV	230	571.562	582.993	594.424	605.856	617.287	628.718	640.149	651.581	663.012
Aðstoðarleikskólakennari með sérkennslustjórn	IV	231	583.622	595.294	606.967	618.639	630.312	641.984	653.657	665.329	677.002
		232	596.044	607.965	619.886	631.807	643.728	655.648	667.569	679.490	691.411
Leikskólakennari / Háskólamenntaður deildarstjóri með B.ed. próf í leikskólakennarafræðum	I / II	233	608.838	621.015	633.192	645.368	657.545	669.722	681.899	694.075	706.252
Leikskólasérkennari / Leikskólakennari, umsjón með þjálfun í grunnskóla / Verkefnastjóri / Sérgrainastjóri / Leikskólakennari með umsjón heilsdagsskóla (allt að 60 nemendur) / Háskólamenntaður sérkennslustjóri með B.ed í leikskólakennarafræðum / Háskólamenntaður deildarstjóri staðgengill leikskólalastjóra með B.ed í	I	234	622.019	634.459	646.900	659.340	671.781	684.221	696.661	709.102	721.542
Leikskólakennari með umsjón heilsdagsskóla (fleiri en 60 nemendur)	I	235	635.596	648.308	661.020	673.732	686.444	699.156	711.868	724.579	737.291
		236	649.577	662.569	675.560	688.552	701.543	714.535	727.526	740.518	753.509
Deildarstjóri	I	237	663.981	677.261	690.540	703.820	717.099	730.379	743.659	756.938	770.218
Sérkennslustjóri / Deildarstjóri staðgengill leikskólalastjóra	I	238	678.812	692.388	705.964	719.541	733.117	746.693	760.269	773.846	787.422
		239	693.746	707.621	721.496	735.371	749.246	763.120	776.995	790.870	804.745
		240	709.008	723.188	737.369	751.549	765.729	779.909	794.089	808.269	822.450
		241	724.606	739.099	753.591	768.083	782.575	797.067	811.559	826.051	840.543
		242	740.548	755.359	770.170	784.981	799.792	814.603	829.414	844.224	859.035
		243	756.840	771.977	787.113	802.250	817.387	832.524	847.661	862.797	877.934
		244	773.490	788.960	804.430	819.900	835.370	850.839	866.309	881.779	897.249
		245	790.507	806.317	822.127	837.938	853.748	869.558	885.368	901.178	916.988
		246	807.898	824.056	840.214	856.372	872.530	888.688	904.846	921.004	937.162
		247	825.672	842.185	858.699	875.212	891.726	908.239	924.753	941.266	957.780
		248	843.837	860.714	877.590	894.467	911.344	928.220	945.097	961.974	978.851
		249	862.401	879.649	896.897	914.145	931.393	948.641	965.889	983.137	1.000.385
		250	881.374	899.002	916.629	934.256	951.884	969.511	987.139	1.004.766	1.022.394
		251	900.764	918.780	936.795	954.810	972.825	990.841	1.008.856	1.026.871	1.044.887
		252	920.581	938.993	957.404	975.816	994.228	1.012.639	1.031.051	1.049.462	1.067.874
		253	940.834	959.651	978.467	997.284	1.016.101	1.034.917	1.053.734	1.072.551	1.091.367
		254	961.532	980.763	999.994	1.019.224	1.038.455	1.057.685	1.076.916	1.096.147	1.115.377
		255	982.686	1.002.340	1.021.993	1.041.647	1.061.301	1.080.955	1.100.608	1.120.262	1.139.916

Mánaðarlaun háskólamenntaðra starfsmanna sem gegna fullu starfi, skulu greidd skv. eftirtöldum launatöflum C í fylgiskjali 1:

Launatafla C-1, gildistími: 1. apríl 2023 til 31. maí 2024.

LAUNATAFLA C-1								
Félag leikskólakennara								
Háskólamenntaðir starfsmenn								
Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. maí 2024								
Starfsheiti	Lfl.	Grunnlau n	Persónu- álag 1,5%	Persónu- álag 3%	Persónu- álag 4,5%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 7,5%	Persónu- álag 9%
	245	518.278	526.052	533.826	541.601	549.375	557.149	564.923
	246	522.544	530.382	538.220	546.058	553.896	561.734	569.573
	247	526.852	534.755	542.658	550.560	558.463	566.366	574.269
	248	531.204	539.172	547.140	555.109	563.077	571.045	579.013
	249	535.599	543.633	551.667	559.701	567.735	575.769	583.803
	250	540.038	548.139	556.240	564.340	572.441	580.541	588.642
	251	544.522	552.690	560.858	569.026	577.194	585.362	593.529
Háskólamenntaður starfsmaður	252	548.501	556.729	564.956	573.184	581.411	589.639	597.866
	253	552.793	561.085	569.377	577.669	585.961	594.253	602.545
	254	557.126	565.483	573.840	582.197	590.554	598.911	607.268
	255	561.502	569.924	578.347	586.769	595.192	603.614	612.037
	256	565.918	574.407	582.896	591.385	599.873	608.362	616.851
	257	570.376	578.932	587.487	596.043	604.599	613.154	621.710
Háskólamenntaður sérkennari	258	574.878	583.502	592.125	600.748	609.371	617.994	626.617
Háskólamenntaður deildarstjóri / verkefnastjóri / sérgreinastjóri	259	579.422	588.113	596.804	605.496	614.187	622.878	631.570
	260	584.011	592.771	601.531	610.291	619.051	627.811	636.572
	261	588.641	597.471	606.301	615.130	623.960	632.790	641.619
Háskólamenntaður sérkennslustjóri	262	593.318	602.217	611.117	620.017	628.917	637.816	646.716
	263	598.039	607.009	615.980	624.951	633.921	642.892	651.862
	264	602.804	611.846	620.888	629.930	638.972	648.014	657.056
	265	607.615	616.730	625.844	634.958	644.072	653.187	662.301
	266	612.473	621.660	630.847	640.034	649.221	658.408	667.595
	267	617.377	626.638	635.899	645.159	654.420	663.681	672.941
	268	622.328	631.662	640.997	650.332	659.667	669.002	678.337
	269	627.326	636.736	646.146	655.556	664.965	674.375	683.785
	270	632.371	641.857	651.342	660.828	670.313	679.799	689.284
	271	637.465	647.027	656.589	666.151	675.713	685.275	694.837
	272	642.607	652.246	661.885	671.524	681.163	690.802	700.441
	273	647.798	657.515	667.232	676.949	686.666	696.383	706.100
	274	653.040	662.835	672.631	682.426	692.222	702.018	711.813
	275	658.331	668.206	678.080	687.955	697.830	707.705	717.580
	276	663.672	673.627	683.582	693.537	703.492	713.448	723.403
	277	669.064	679.100	689.136	699.172	709.208	719.244	729.280
	278	674.509	684.627	694.744	704.862	714.980	725.097	735.215
	279	680.004	690.204	700.405	710.605	720.805	731.005	741.205
	280	685.553	695.836	706.120	716.403	726.686	736.970	747.253
	281	691.154	701.522	711.889	722.256	732.624	742.991	753.358
	282	696.809	707.261	717.713	728.165	738.617	749.070	759.522
	283	702.518	713.056	723.593	734.131	744.669	755.207	765.744
	284	708.281	718.905	729.529	740.154	750.778	761.402	772.026
	285	714.098	724.810	735.521	746.233	756.944	767.656	778.367
	286	719.972	730.771	741.571	752.371	763.170	773.970	784.769
	287	726.272	737.166	748.060	758.954	769.848	780.742	791.636
	288	732.634	743.623	754.613	765.602	776.592	787.581	798.571
	289	739.060	750.146	761.232	772.318	783.403	794.489	805.575
	290	745.550	756.734	767.917	779.100	790.283	801.467	812.650
	291	751.214	762.482	773.750	785.018	796.286	807.555	818.823
	292	757.834	769.202	780.569	791.937	803.304	814.672	826.039
	293	764.522	775.990	787.458	798.926	810.393	821.861	833.329
	294	771.275	782.844	794.413	805.983	817.552	829.121	840.690
	295	778.096	789.768	801.439	813.111	824.782	836.454	848.125
	296	784.986	796.761	808.536	820.311	832.085	843.860	855.635
	297	791.945	803.824	815.704	827.583	839.462	851.341	863.220
	298	798.974	810.958	822.943	834.927	846.912	858.897	870.881
	299	806.071	818.162	830.254	842.345	854.436	866.527	878.618
	300	813.241	825.439	837.638	849.837	862.035	874.234	886.432

FYLGISKJAL 9: SAMKOMULAG UM BREYTINGAR Á FYLGISKJALI 3

Samkomulag um breytingar á fylgiskjali 3 í kjarasamningum aðila 2019 til 2023.

Vaktavinnuhópur 2023 sammælist um að leggja til við samningsaðila að gera eftirfarandi breytingar á greinum 1.6.1., 1.6.2. og 2.6.10. í fylgiskjali 2 (fylgiskjali 3 hjá sveitarfélögum).

VAKTAÁLAG

Vaktaálagi verði breytt þannig að á þeim tímum sem er greitt 90% álag verði greitt 120% álag og á þeim tímum sem er greitt 120% álag verði greitt 165% álag. Greinar 1.6.1. og 1.6.2. verði:

1.6 ÁLAGSGREIÐSLUR - VAKTAÁLAG

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1. Vaktaálag skal vera:

- 33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga
- 55,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
- 65,00% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga
- 55,00% kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga
- 75,00% kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga
- 120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgang og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

- 33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga
- 45,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 08:00 mánudaga
- 33,33% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga
- 120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgang og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

VAKTAHVATI

Vaktahvata verði breytt til að tryggja jafnari vaktahvata til handa þeim hópi sem er með mestan fjölda og fjölbreytileika vakta á hverju launatímabili. Taflan í grein 2.6.10 verði:

2.6.10 Vaktahvati

Hlutfall vaktahvata miðist við eftirfarandi töflu:

Fjöldi vakta	Tegundir vakta			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	10,0%	12,5%
17		7,5%	10,0%	12,5%
16		2,5%	7,5%	12,5%
15		2,5%	2,5%	10,0%
14			2,5%	7,5%

FYLGISKJAL 10: YFIRLÝSING OG VERKÁÆTLUN

Yfirlýsing og verkáætlun á gildistíma kjarasamninga 2023 til 2024.

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali 2 með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélag líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu. Betri vinnutími í vaktavinnu / framlenging á fylgiskjali 3 með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2.	Vinna þegar hafin	31. október 2023
Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðningar í tímavinnu.	17. apríl 2023	31. ágúst 2023

Ofangreind mál eru á borði heildarsamtaka og launagreiðenda.

Þann 31. október 2023 skulu áherslur samningsaðila liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

FYLGISKJAL UM FRAMKVÆMD BETRI VINNUTÍMA Í LEIKSKÓLUM

Leikskólastigið er mjög viðkvæmt þegar kemur að mönnun og hefur því innleiðing á betri vinnutíma reynst flóknari og erfiðari í framkvæmd en almennt gerist á öðrum vinnustöðum sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að bregðast við með skýrum og markvissum hætti og finna lausnir í hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Samningsaðilar eru sammála um að vinna markvisst að því að ákvæði í fylgiskjali 2 s.s. um samtal um skipulag vinnutíma verði uppfyllt. Mikilvægt er að þau tækifæri sem í fylgiskjali 2 felast verði nýtt til að ná fullri styttingu vinnutíma á gildistíma kjarasamningsins.

Fjölbreyttar leiðir geta nýst leikskólum við upptöku betri vinnutíma. Sem dæmi getur það hentað að hluti starfsfólks sé í daglegri styttingu, hluti í vikulegri styttingu og hluti í árlegri uppsöfnun sem tekin er út og raðað á ákveðna daga yfir árið. Á það við hvort heldur um er að ræða lágmarksstyttingu (13 mín. á dag) eða þá styttingu sem kemur til þegar gefið er eftir forræði yfir hluta eða öllum kaffitímanum (allt að 35 mín. á dag).

Með árlegri uppsöfnun er hægt að stilla af skólastigin hvað varðar starfs- og vinnutíma sem er mikilvægur þáttur í því að auka og halda jöfnu flæði á milli skólastiga sem er eitt af markmiðum laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Mikilvægt er að þær leiðir sem valdar eru til styttingar vinnutíma valdi ekki óhóflegu álagi á starfsfólk. Sérstaklega þarf að horfa til þess að hlutfall dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks hækki ekki samhliða styttingu vinnutíma og valdi þannig óhóflegu álagi án þess að brugðist sé við með rekstrarstýrandi aðgerðum af hálfu vinnuveitenda. Þær leiðir sem m.a. gætu haft áhrif til að sporna við aukningu á dvalartíma barna miðað við vinnutíma starfsfólks er að fækka árlegum vinnudögum starfsfólks, stytta daglegan meðal dvalartíma barna eða fjölga starfsfólki/stöðugildum.

Á gildistíma kjarasamningsins starfar stýrihópur samningsaðila. Í honum sitja fulltrúar frá SNS, FL og FSL. Stýrihópurinn getur kallað til aðra sérfræðinga til að koma að verkefninu ef þurfa þykir. Hlutverk hópsins er að styðja sveitarfélög og leikskóla við innleiðingu betri vinnutíma á grundvelli fylgiskjals 2 og þeirra leiðbeininga og fræðsluefnis sem aðilar hafa gefið út í þeim tilgangi að ná sem bestri niðurstöðu og uppfylla markmið þessa fylgiskjals.

Stýrihópurinn getur kallað eftir upplýsingum sem gagnast við að ná markmiðum þessa fylgiskjals sem og fylgiskjals 2 um:

- Hvort umbótasamtal hafi farið fram í öllum leikskólum sveitarfélags.
- Hvernig framkvæmd og lengd styttingar vinnutíma er í einstaka leikskólum.

Samningsaðilar hafa í sameiningu útbúið reiknivél (Betri vinnutími í leikskólum) til að meta og skoða breytingar á hlutfalli dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks sem innleiðing betri vinnutíma í leikskólum kann að leiða af sér í sveitarfélögum landsins. Eins er hægt að skoða í reiknivélinni hvernig hægt er að hafa áhrif á hlutfallið með fjölgun stöðugilda, styttri daglegum meðaldvalartíma barna og með færri árlegum skóladögum starfsfólks í leikskólum.

Stýrihópurinn skal sjá til þess að:

- Fyrir 1. ágúst 2023 liggja fyrir mat á hlutfalli dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks á árinu 2021 í leikskólum eftir sveitarfélögum. Stýrihópurinn hefur formlega samband við þau sveitarfélög sem mælast yfir landsmeðaltali 2020 af hlutfalli dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks og kemur á framfæri ábendingum að lausnum um hvernig hægt er að ná markmiðum þessa fylgiskjals. Eins verða sérstaklega skoðuð þau sveitarfélög og eða leikskólar sem eru í 13 mínútna styttingu á dag (38 klst. og 55 mín. vikulegan vinnutíma). Stýrihópurinn kallar eftir að sveitarfélög skili tímasettri áætlun fyrir 1. sept 2023 um hvernig markmiðum fylgiskjalsins verði náð. Eins getur stýrihópurinn kallað eftir slíkri áætlun eftir 1. sept. 2023 ef þurfa þykir.

- Fyrir lok ársins 2023 liggja fyrir mat á hlutfalli dvalartíma barna af vinnutíma starfsfólks á árinu 2022 í leikskólum eftir sveitarfélögum. Hópurinn ákveður í framhaldinu út frá því mati og samanburði við sambærilegt mat ársins 2021 hvaða sveitarfélögum verði veitt ráðgjöf um hvernig hægt er að ná markmiðum þessa fylgiskjals um betri vinnutíma í leikskólum. Eins verða sérstaklega skoðuð þau sveitarfélög og eða leikskólar sem eru í 13 mínútna styttingu á dag (38 klst. og 55 mín. vikulegan vinnutíma). Stýrihópurinn kallar eftir að sveitarfélög skili tímasettri áætlun fyrir 1. mars 2024 um hvernig markmiðum fylgiskjalsins verði náð.

Samningsaðilar eru sammála um að á samningstímanum fari fram markviss vinna samningsaðila við það að skoða hvort taka eigi upp frekari skilgreiningu á því hvað tilheyrir formlegu skólastarfi annars vegar og hins vegar hvað tilheyrir tómsunda/frístundastarfi á leikskólastiginu. Eins verði tekið upp samtal um skilgreiningu á skólaári og almennt þeim atriðum er líta að starfsumhverfi leikskólastigsins s.s. hvort eðlilegt sé að gæta samræmis við starfsumhverfi annarra skólastiga. Markmiðið er að jafna og viðhalda jöfnu flæði kennara á milli skólastiga.